

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1385

komudagur 12/4 1996

FLUGFREYJUFÉLAG ÍSLANDS



THE ICELANDIC FLIGHT ATTENDANTS' ASSOCIATION

BORGARTÚNI 22
105 REYKJAVÍK
SÍMI +354-1-614 307
FAX +354-1-614 306

Reykjavík, 11. apríl 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Flugfreyjufélag Íslands mótmælir 1. gr. ofangreinds lagafrumvarps á þeim forsendum að hún er brot á félagafrelsi einstaklinga og rétti stéttarféлага til að ráða sjálf innri málum og setja sér starfsreglur. Með þessu frumvarpi er verið að lögverja eina tegund stéttarféлага umfram önnur með þeim hætti að slíkt er í andstöðu við samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar og túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á Mannréttinasáttmálanum.

Flugfreyjufélag Íslands mótmælir að í 2. gr. ofangreinds frumvarps er gert ráð fyrir auknum völdum samninganefndar og minnkun valds trúnaðarmannaráðs. Aftur er vegið að rétti stéttarféлага til að ráða sjálf innri málum og setja sér starfsreglur auk þess að vera skerðing á valdi félaganna. Flugfreyjufélagið mótmælir enn fremur þeim breytingum á frumvarpinu sem fyrirhugaðar eru varðandi afgreiðslu kjarasamninga. Þær eru andlýðræðislegar auk þess að vera óframkvæmanlegar í okkar stéttarfélagi.

Þá mótmælir Flugfreyjufélagið auknum völdum ríkissáttasemjara í kjaradeilu stéttarféлага þar sem gert er ráð fyrir að hann hafi heimild til að binda stéttarfélög við sameiginlega miðlunartillögu með reglum sem eru óviðunandi. Það að 33,3% atkvæðisbærra félagsmanna þurfi til að fella miðlunartillögu er ólýðræðislegt.

Margar aðrar greinar frumvarpsins, en hér að ofan eru tilgreindar, eru þannig framsettar að ekki er hægt að fallast á þær í óbreyttu formi.

Félagið hvetur til þess að frumvarpið verði dregið til baka og að samið verði um bætтар samskiptareglur á vinnumarkaði í samráði við verkafélagsshreyfinguna.

F.h. Flugfreyjufélags Íslands,

Þóra Sen, framkvæmdastjóri FFÍ.

Samrit sent Alþýðusambandi Íslands.